

Opnum fyrir umsóknir um stofnframlög þriðjudaginn 25. júní 2024.

Til : Stofnframlag - HMS <stofnframlag@hms.is>  
Frá : Kristján Gestsson - HMS <Kristjan.Gestsson@hms.is>  
CC : Stofnframlag - HMS <stofnframlag@hms.is>  
Heiti : Opnum fyrir umsóknir um stofnframlög þriðjudaginn 25. júní 2024.  
Málsnúmer : 2406146  
Málsaðili : Húsnæðis- og mannvirkjastofnun  
Skráð dags : 21.06.2024 12:58:43  
Höfundur : Kristján Gestsson - HMS <Kristjan.Gestsson@hms.is>

Viðhengi image001.pngimage001.png

## Fjölögum íbúðum fyrir tekju- og eignalága

**Á þriðjudaginn í næstu viku verður auglýst eftir umsóknum í annarri úthlutun fyrir árið 2024 um stofnframlaglög ríkisins til byggingar eða kaupa á almennum íbúðum skv. lögum nr. 52/2016 og reglugerð nr. 183/2020.**

Markmið laga um almennar íbúðir er að bæta húsnæðisöryggi þeirra sem eru undir tekju- og eignamörkum við upphaf leigu.

## Mikilvægt að hefja undirbúning fyrir umsóknir

Sótt verður um í nýju stofnframlagakerfi HMS og verður slóð á kerfið send samhliða auglýsingu eftir umsóknum.

### Um stofnframlagakerfi HMS

Stofnframlagakerfi HMS hefur verið uppfært. Í þessum áfanga var horft til þess að einfalda sjálft umsóknarferlið og auka kröfur til auðkenningar. Önnur útgáfa er áformuð í vor en þá verður m.a. lögð áhersla á yfirsýn lögaðila yfir þær íbúðir sem hann hefur byggt/keypt á grundvelli stofnframlaga auk þess munu sveitarfélög fá aðgang að umsóknum sem varða sitt sveitarfélag.

Innskráning er nú bundin við prókúruhafa lögaðila og aðra einstaklinga sem prókúruhafar hafa veitt heimild til þess að skrá sig inn í stofnframlagakerfið fyrir hönd síns fyrirtækis/félags. Heimildin er veitt með umboðsmannakerfi island.is á Mínar síður á island.is. Prókúruhafi hefur sjálfkrafa aðgang að kerfinu. Hann skráir sig inn með sínum persónulegum rafrænum skilríkjum og smellir á fyrirtækið til að halda áfram inn í kerfið. Vinsamlegast fylgið leiðbeiningum í viðhengi til þess að veita öðrum en prókúruhafa aðgang að stofnframlagakerfi HMS.

Frekari upplýsingar veitir starfsfólk HMS í síma 440-6400 eða í tölvupósti [stofnframlag@hms.is](mailto:stofnframlag@hms.is)

f.h. HMS

Kveðja / Best regards

**Kristján Gestsson**

sérfræðingur

Stofnframlög



Borgartún 21 | 105 Reykjavík | Sími +354 4406400